

Umsagnir um niðurstöður rannsóknarinnar Heilsa og lífskjör skólanema (HBSC)

„HBSC rannsóknin er eitt mikilvægasta tæki sem völ er á til þess að raddir unga fólksins heyrist. Það skortir kerfisbundna gagnasöfnun um ungt fólk á aldrinum 11–15 ára í flestum aðildarlöndum WHO en HBSC rannsóknin bætir að verulegu leyti úr þeim skorti.“

**Dr. Nata Menadbe, aðstoðarforstjóri Evrópuskrifstofu
Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar WHO**

„Varðandi líðan barna í skólum, þá finnst mér sérstaklega ánægjulegt að sjá að íslenskum skólabörnum virðist líða vel í skólanum og að sú ánægja helst nokkuð stöðug eftir auknum aldri, ólíkt því sem gerist víðast hvar annars staðar. Líðan barna í skóla er einn af mikilvægari mælikvörðum á gæði skólakerfa og þarna hlýtur þáttur kennara og annars starfsfólks að vege einna þyngst.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra

„Niðurstöður HBSC rannsóknarinnar sýna okkur að við þurfum að halda enn betur utan um unglíngana okkar. Þessar niðurstöður munu klárlega verða gagnlegar við stefnumótun opinberra aðila í fjölskyldu og forvarnarmálum“

Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri á Akureyri

„Það er mjög ánægjulegt að sjá hversu hátt hlutfall 11 og 13 ára barnanna í rannsókninni segjast eiga góð samskipti við foreldra sína. Hins vegar er það áhyggjuefni að tengslum íslenskra barna við foreldra sína skuli hraka meira með auknum aldri á Íslandi en á flestum öðrum Vesturlöndum og úr því þurfum við að bæta með aukinni foreldraábyrgð. Á sumrin fá foreldrar aukin sóknarfæri til að auðga fjölskyldulífið með ánægjulegum samverustundum með börnum sínum og nú er lag fyrir foreldra að sýna umhyggju í verki og eyða tíma með börnum sínum. Í því geta falist aukin lífsgæði fyrir alla fjölskylduna.“

Sjöfn Þórðardóttir formaður Heimilis og skóla

„Það er umhugsunarefni að 15 ára unglíngarnir eru aðeins í meðallagi hvað varðar tengsl við foreldra meðan samskipti þeirra við vini eru með því mesta sem gerist. HBSC rannsóknin sýnir að íslensk ungmenni verða fyrir sjálfstæðir einstaklingar en flestir jafnaldrar þeirra á Vesturlöndum sem bæði felur í sér tækifæri fyrir þau en einnig umtalsverða áhættu.“

Kjartan Ólafsson félagsfræðingur og lektor við Háskólann á Akureyri

„Það er sláandi að Ísland sé í 3. sæti hvað varðar 15 ára stelpur sem hafa sofið hjá. Maður spyr sig ósjálfrátt hvað hafi legið að baki þeirri ákvörðun að byrja að stunda kynlíf; var það vegna þrýstings, vegna áfengisölvunar eða að vel ígrundaðri ákvörðun beggja aðila? Þetta er eitthvað sem að við þurfum að skoða betur með það að markmiði að efla kynvitund ungmenna - að þau viti hvað þau séu að fara út í og þekki ábyrgðina á bak við slíka ákvörðun.“

Margrét Kristín Helgadóttir formaður samfélags- og mannréttindaráðs Akureyrarbæjar

„Það er mjög jákvætt að tengsl íslenskra unglunga við feður sína séu betri en víðast hvar annars staðar. Það væri athyglisvert að sjá hvaða þættir hafi haft áhrif á það og þá með það í huga hvað má bæta enn betur í þeim málum, sérstaklega í ljósi þess að tengsl drengja við feður virðist vera meiri en tengsl stúlkna við feður sína. Hvaða þættir eru að hafa áhrif á þau samskipti?“

Hjálmar Sigmarsson sérfræðingur á Jafnréttisstofu

„Foreldrar átta sig ekki á því að helsta ástæða dauðsfalla meðal barna og ungmenna eru slys en ekki sjúkdómar. Á Íslandi eru öryggismál í skólum almennt í miklum ólestri. Umhverfið er ekki öruggt og slysavarnir eru ekki virkar í skólum eins og í öðrum löndum. Börn eru heldur ekki frædd skipulega um hættur og hvernig má varast þær.“

Herdís Storgaard forstöðumaður Forvarnahúss Sjóvá

„Fyrst og fremst byggir HBSC rannsóknin á skilningi og þátttöku kennara og nemenda. Rannsóknnum af þessu tagi fylgir óhjákvæmilega umtalsvert rask á skólastarfi en þolinmæði þeirra sem borið hafa hitann og þungann af þessari gagnasöfnun hefur verið aðdáunarverð.“

Þóroddur Bjarnason félagsfræðingur og prófessor við Háskólann á Akureyri